

Nd.

414. Nefndarálit

[158. mál

um frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Aðalefni frumv. er um það að veita ríkisstjórninni heimild til að lækka ýmis útgjöld á nýlega samþykktum fjárlögum ársins 1968 um 138.2 milljónir króna. Í rauninni er frv. einn liður í tillögugerð ríkisstjórnarinnar um sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hún hefur flutt á þessum vetri.

Þegar Alþingi kom saman í októbermánuði s.l., lagði ríkisstjórnin fram frumv. til fjárlaga fyrir árið 1968 og gerði um leið grein fyrir ýmsum þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem hún taldi nauðsynlegt að gera.

Það vakti sérstaka athygli við þá greinargerð, að stjórnin taldi nauðsynlegt að leggja enn á ýmsa nýja skatta og draga jafnframt úr greiðslum ríkissjóðs í sambandi við lækkun á vöruverði. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1968 var við það miðað, að enn ætti að hækka heildarútgjöld ríkissjóðs frá því, sem þau höfðu hæst orðið áður. Þannig vildi ríkisstjórnin á s. l. hausti mæta vaxandi efnahagserfiðleikum þjóðarinnar með hækkandi verði á nauðsynjavörum almennings, nýjum skattaálagum, vaxandi þenslu í ríkiskerfinu og auknum ríkisútgjöldum.

Ríkisstjórnin lagði mikla áherzlu á það í málflutningi sínum, að þjóðin sem heild hefði á árinu 1967 orðið fyrir miklu efnahagslegu áfalli vegna minni fiskafla en áður og mikils verðfalls á erlendum mörkuðum. Hún boðaði því, að nú yrðu allir að taka á sig nokkra kjaraskerðingu og sætta sig við minni tekjur en áður. Í samræmi við þann boðskap lagði hún svo fram efnahagsmálafrumvarp sitt, sem gerði ráð fyrir almennri kauplækkun, sem nam $7\frac{1}{2}\%$.

Þrátt fyrir boðskapinn um, að nú yrðu allir að sætta sig við minna ráðstöfunarfé en áður, hélt stjórnin sér fast við það, að ríkissjóður yrði að fá auknar tekjur og útgjöld ríkisins og ríkisstofnana að aukast. Samkvæmt þeirri stefnu voru fjárlögin fyrir árið 1968 afgreidd og tillögur frá okkur Alþýðubandalagsmönnum um sparnað felldar.

Tillögur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafa verið margar á þessum vetri og býsna furðulegar.

Fyrst var talið, að efnahagsaðgerðir, sem boðaðar voru í sérstöku frumvarpi og aðallega miðuðu að auknum tekjum ríkissjóðs og að því að skerða launatekjur vinnandi fólks um $7\frac{1}{2}\%$, mundu nægja til þess að bjarga við efnahagsástandinu.

Síðan kom til gengislækkun, sem nam lækkun á verði erlends gjaldeyris frá 20—32%, og þá þótti rétt að hafa gengislækkunina til viðbótar fyrri efnahagsaðgerðum.

Eftir gengislækkunina var fullyrt, að allir helztu þættir útflutningsframleiðslunnar ættu að bera sig án sérstakra styrkja frá ríkinu. Nokkrum vikum síðar kom þó í ljós, að semja varð um greiðslur til stuðnings bátaútgerðinni á vetrarvertíð og rekstri frystihúsanna um fjárhæð, sem nam 320 milljónum króna á árinu 1968. Og enn er eftir að semja um starfsgrundvöll síldarútgerðarinnar, og má telja alveg víst, að þar þurfi að koma til verulegur fjárstuðningur.

Þegar gengislækkunin var ákveðin 24. nóv. s. l., þótti auðsætt, að tekjur ríkissjóðs hlytu að aukast mikið hennar vegna, og þá lofaði fjármálaráðherra að lækka tolla sem næmi 250 millj. króna á ársgrundvelli. Nokkrum vikum síðar komst ráðherra að þeirri niðurstöðu, að við þetta loforð væri ekki hægt að standa og tollalækkunin gæti því ekki orðið nema 159 milljónir króna.

Við afgreiðslu fjárlaganna fyrir jólin taldi fjármálaráðherra útilokað að koma við nokkrum sparnaði í rekstri ríkisins og sagði, að tillögur okkar Alþýðubandalagsmanna þar um væru ekki framkvæmanlegar. Nú telur ráðherrann sig geta sparað um 138.2 milljónir króna á yfirstandandi ári.

Sparnaður sá, sem felst í frv., er góðra gjalda verður. Hann er að vísu ekki mikill og því miður allmiklu minni en fjármálaráðherrann vill vera láta. Nokkrar af sparnaðartillögum ráðherrans geta með engu móti kallast því nafni að heita sparnaður, en í frv. er þó um nokkurn sparnað að ræða, sem út af fyrir sig ber að meta.

Ég get samþykkt þá liði frv., sem miða að raunverulegum sparnaði og miða að því að draga nokkuð úr óeðlilegri þenslu í ríkiskerfinu.

En ég er andvígur því, að ríkið felli niður eða dragi úr lögbundnum greiðslum til þeirra stofnana atvinnuveganna, sem efla undirstöðuna í efnahagslífi þjóðarinnar. Þannig tel ég óhæft að fella niður greiðslu ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs og draga úr lögbundnu framlagi til Aflatryggingasjóðs. Ég tel líka rangt að draga úr framlagi til undirstöðurannsóknna, eins og virkjunarrannsóknna, jarðborana og vatnarannsóknna, og rangt að fella niður framlög til öryggisráðstafana.

Ég tel hins vegar, að sparnaðurinn ætti að vera miklu meiri en gert er ráð fyrir í frv. í ýmsum rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Þannig legg ég til, að sparað verði meira en gert er ráð fyrir í frv. á lögregluhaldi á Keflavíkurflugvelli og meira sparað í utanríkisþjónustunni. Ég tel, að leggja eigi niður sendiráðið hjá NATO í Brüssel, en það mun kosta yfir 5 milljónir króna á ári. Þá tel ég, að lækka eigi meira en ráðgert er í frv. almennan lögreglukostnað, sem nú er orðinn rúmlega 130 milljónir króna. Ég legg til, að sá kostnaður lækki um 13.6 milljónir króna. Ég legg einnig til að lækka bifreiðakostnað ríkisins meira en lagt er til í frv., eða um 2 milljónir króna. Þá geri ég tillögu um, að tillag til Atlantshafsbandalagsins og til Þingmannasambands NATO falli niður, en þær greiðslur nema 2 652.000 kr. Þá geri ég tillögu um, að ríkisstjórninni verði falið að lækka almennan rekstrarkostnað ríkis og ríkisstofnana um 50 milljónir króna á árinu 1968, en slík lækkun er tæplega 1% af heildarútgjöldunum.

Mér er ljóst, að rétt hefði verið að lækka útgjöldin enn þá meira en ég geri tillögur um, og ég efast ekki um, að það væri hægt án þess að skerða á nokkurn hátt gagnlega þjónustu ríkisins. En ég þykist vita af reynslunni, að vonlitið sé að fá meira samþykkt í þeim efnum en það, sem ég flyt nú, og læt því biða til síðari tíma að gera tillögur um frekari lækkun.

Frumvarpið er spor í rétta átt hvað sparnað áhrærir, en það nær of skammt.

Í frumv. eru auk fjárlagabreytinga nokkur önnur ákvæði, eins og um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi fræðslumála. Þær breytingar geta átt rétt á sér, en eiga ekki heima í þessu frumvarpi. Ég mun við atkvgr. um málið samþykkja vissar tillögur frv., en greiða atkv. gegn öðrum, og mun það koma nánar fram við atkvæðagreiðslu um málið.

Alþingi, 22. marz 1968.

Lúðvík Jósefsson.